

sönnu borið það fyrir lögreglurjetti Ísafjarðar, að þau teldu engan af þeim mönnum sem á umræddri skrá standa reglumann, þar á meðal stefnanda, og annað vitnanna borið það, að það teldi hann alkunnan óreglumann, en hvorugt vitnanna hefir staðfest framburð sinn með eiði, og hefir honum þó verið mótmælt sem röngum. Framburður þessi virðist því þýðingarlaus fyrir þetta mál.

Samkvæmt framanskráðu hefir stefndur því eigi rjettlætt hin átöldu ummæli eða sýnt að þau sju fram komin sem sjálf-sagður og nauðsynlegur liður í starfi stefnda sem embættismanns við skipaða rannsókn. Það ber því eftir kröfu stefnanda að dæma hin átöldu ummæli dauð og ómerk sbr. 220. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, svo ber og að dæma stefndan í sekt fyrir þau samkvæmt 219. gr. fyrnefndra laga og þykir sektin hæfilega ákveðin 60 kr. og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd á rjettum tíma.

Eftir þessum úrslitum virðist rjett að stefndur greiði stefnanda málskostnað fyrir undirrjetti, er ákveðst 40 kr.

Hvortveggi málsaðila hafa krafist ómerkingar og sekta fyrir nokkur ummæli í sóknar- og varnarskjölum málsins, en eftir atvikum virðist eigi næg ástæða til að taka kröfu þessa til greina.

Föstudaginn 18. maí 1923.

Nr. 11/1923.

Gunnar E. Benediktsson

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Eyvindi Þórarinssyni og Karli
bæjarfógeta Einarssyni.** (Enginn).

Frávisunardómur í vixilmáli ómerktur.

Dómur gestarjettar Vestmannaeyjákaupstaðar 24. ágúst 1922: Máli þessu vísað frá dómi.

Stefnandi Gunnar E. Benediktsson greiði stefnda Eyvindi Þórarinssyni málskostnað krónur 60,00.

Að því er snertir málskostnað ber dóminum að fullnægja innan þja sólarbringa frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta er flutt skriflega fyrir hæstarjetti með því að stefndi hefir eigi mætt þar.

Með gestarjettardómi Vestmannaeyjakaupstaðar, uppkveðnum 24. ágúst 1922, var málinu vísað frá dómi fyrir þá sök, að það væri ranglega höfðað sem víxilmál, en áfrýjandi hefir hjer fyrir rjettinum krafist þess, að dómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim til dómsáleggingar að efni til.

Með því að eigi verður fallist á ofangreinda ástæðu hjeraðsdómarans til frávísunar málsins, en telja verður samkvæmt lögum nr. 2, 13. jan. 1882 um víxilmál og víxilafsagnir 1. gr., að full heimild hafi verið til að höfða málið sem víxilmál, ber að taka til greina kröfu áfrýjanda um ómerking dómsins og heimvísun málsins.

Eftir atvikum þykir eigi vera næg ástæða til þess að samþykkja kröfu áfrýjanda um málskostnaðargreiðslu á hendur hjeraðsdómaranum, en samkvæmt kröfu hans ber að dæma stefnda Eyvind Þórarinsson til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarjetti, sem ákveðst 100 kr.

Það er aðfinningarvert, að hjeraðsdómarinn hefir haft víxilmál þetta undir dómi í nær fullar 8 vikur án þess að afsaka það á nokkurn veg.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim til dómsáleggingar að efni til. Karl bæjarfógeti Einarsson á að vera sýkn af málskostnaðarkröfu áfrýjanda, Gunnars E. Benediktssonar, en stefndi Eyvindur Þórarins-

son greiði honum 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn Gunnar E. Benediktsson mála-
færslumaður frá Reykjavík höfðað gegn stefndum, sjómanni Ey-
vindi Þórarinssyni á Strandbergi hjer, sem víxilmál með stefnu
útfeginni 1. apríl 1922 til greiðslu á eftirstöðvum af víxli að
upphæð 1500 kr. útfeginum af Eyvindi Þórarinssyni 10. september
1920 til greiðslu í Útbúi Íslandsbanka hjer 10. október 1920,
ásamt 6% ársvöxtum frá forfallsdegi til greiðsludags og máls-
kostnað eftir reikningi kr. 140,00.

Stefndur heldur því fram, að víxill þessi hafi verið greiddur
í viðskiftareikning sinn við verslunina Skjaldborg hjer 10. október
1921, þar sem víxilupphæðin þá var færð honum til útgjalda við-
tjeda verslun, en við það hafi hann einmitt, eftir reikningnum,
orðið skuldugur versluninni um kr. 1063,30, sem er hin umstefnda
upphæð, og heldur hann því fram, að reikningsviðskifti sín við
verslunina Skjaldborg beri að leggja til grundvallar í þessu máli.
En eftir þeim reikningum skuldar stefndur hina umstefndu upp-
hæð kr. 1063,30, en þessum reikningi segist stefndur ekki vera
samþykkur, og hefir lagt fram í málinu því til sönnunar rjettar-
skjöl nr. 7 og 8, innlagssedil fyrir 2000 kílógröm af þorski, sem
hann reiknar sjer á kr. 1400,00 og kr. 800,00 fyrir ferð til Stokks-
eyrar 1918 fyrir tjeda verslun, en hvorug þessi upphæð er tilfærð í
reikningnum frá versluninni og beri því að telja honum til góða
í þessu máli, samtals kr. 2200,00 og sem hann nú heldur fram að
eigi að jafnast við hina umstefndu upphæð, að geymdum rjetti
til að krefjast þess, sem umfram er, síðar meir.

Rjetturinn verður, að líta svo á, að enda þótt þetta mál
hafi verið höfðað sem víxilmál, og bæði málsaðilar og dómari
hafi að nokkru leyti lítið svo á að svo væri, enda rjett þar sem
málshöfðunin byggið á víxli að nafninu til.

Rjetturinn getur ekki fallist á kröfu stefnanda í málinu, sjer-
staklega þar sem víxillinn er færður inn í viðskiftareikning stefnds
við verslunina Skjaldborg og upphæðin færð honum þar til skuld-
ar, þannig einmitt við þá innfærslu hefir stefndur orðið skuldug-
ur versluninni um hina umstefndu upphæð.

Þar sem eftir þessu að mál þetta virðist ranglega höfðað sem víxilmál, þá sjer rjetturinn sjer ekki annað fært en að vísa máli þessu frá dómi, og þar sem hvorki hefir verið stefnt til sátta nje sáttt í því reynd koma ekki málsástæður til greina á þessu stigi málsins. Eftir úrslitum málsins virðist stefnandi eiga að greiða stefnda hæfilegan málskostnað, sem ákveðst kr. 60,00.

Föstudaginn 18. maí 1923.

Nr. 27/1923.

Valdstjórnin

(Lárus Fjeldsted)

gegn

William Browning

(Guðm. Ólafsson).

Úrskurður:

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarjetti, ber að útvega fyrir rjetti skýrslur um eftirgreind atriði:

1. hve lengi skipið G. Y. 928 Sethon hafi legið á skipalegu Vestmannaeyja áður en varðskipið kom,
2. hvort veður og sjór hafi verið svo mikið, daginn sem skipið kom, að eigi hafi verið fært að búlka veiðarfæri áður en skipið tók höfn.

Ber rannsóknardómaranum að útvega skýrslur þessar og aðrar upplýsingar, er framhaldsrannsóknin kann að gefa tilefni til að leita.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að útvega framan- greindar skýrslur og upplýsingar svo fljótt sem verða má.
